| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 29. febrúar 2024. 2. útgáfa |
| **Námsgrein** | Fatasaumur |
| **Titill** | Fatasaumur |
| **Skammstöfun** | FATA1AA05 |
| **Viðfangsefni** | Fatasaumur |
| **Staða áfanga** | |
| **Þrep áfanga** | 1 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 5 |
| **Lýsing áfanga** | Nemendur læra á saumavél, sauma prufur og einfaldar flíkur.<br>Nemendur læra að taka upp tilbúin snið úr saumablöðum. Kennt að taka mál og framkvæma einfaldar snið-breytingar og sniðútfærslur á grunnsniðum út frá eigin hugmyndum.<br>Unnið er með hugmyndamöppur sem innihalda vinnuáætlanir og vinnulýsingar fyrir hvert verkefni, auk þess fá nemendur þjálfun í að koma hugmyndum sínum til skila í tískuteikningum og sniðteikningum.<br>Lögð er áhersla á að gera nemendum grein fyrir hvernig hægt er að breyta gömlum flíkum og gera nýjar flíkur úr gömlum með því að huga að sjálfbærni. |
| **Forkröfur áfanga** | Engar |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingur og skilning á:**<br>• þróun frá hugmynd að fullunninni flík<br>• hvernig saumavél vinnur<br>• notagildi ólíkra sporgerða og saumavélanála<br>• helstu atriðum sem hafa þarf í huga við val á sniðum og efnum<br>• mikilvægi hönnunarvinnu til að fá sem besta útkomu |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• nota saumavél við einfaldan saumaskap<br>• taka mál og nýta til að ákveða sniðastærð útfrá máltöflum<br>• taka upp snið og gera einfaldar sniðbreytingar<br>• leggja snið á efni meta stærð saumfara og klippa |

| | |
|---|---|
| | • koma hugmyndum sýnum til skila í einfaldri tískuteikningu og/eða sniðteikningu |
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>• sauma einfaldar en einstakar flíkur og viðhafa vönduð vinnubrögð<br>• gera vinnulýsingu og vinnuáætlun við skipulagningu og framvindu verksins<br>• áætla magns efnis útfrá efnisbreidd og sniði<br>• nýta sér handbækur og fagblöð og kunna skil á hugmyndavinnu<br>• meta gæði handverks og efna á tilbúnum fatnaði |
| **Námsmat** | |